

Stjórnarfundur 15.sept. kl. 20 á Teams.

Mætt voru Anna María Flygenring, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon og Helena Hólm.

1. Framundan er Landbúnaðarsýning 14.til 16.október. Rætt um hvort og hvernig yrði þátttöku félagsins háttað. Þar sem Deildin Geitfjárrækt er hluti af BÍ er reiknað með að við heyrum undir bás BÍ. Þarf samt að athuga það mál, Anna tekur að sér að kanna þetta.
2. Rætt um möguleg námskeið, í vor var haldið námskeið í kembangu geita og nýtingu á fiðu. Helst heyrir kallað eftir kennslu í geitahaldi almennt, svo sem fóðrun, sjúkdómar, girðingar, hús o.fl. Samþykkt að leita til LBHÍ og fá samstarf frá þeim. Anna hefur samband við LBHÍ.
3. Í sumar var haldið áfram að taka sýni til arfgerðarrannsókna er varða riðunæmi eins og gert var sumarið 2021. Tekin voru 81 sýni og er niðurstaða komin úr þeim. Nú liggur fyrir vinna úr upplýsingum og finna hvað er helst að gera með þær. Ekki er að sjá íslenskar geitur séu með mótstöðu gegn riðu en þó eru athyglisverðar nokkrar genasamtæður sem vísindamenn gætu skoðað nánar.
4. Stuðningsgreiðslur hafa borist frá svokölluðum spretthópi ,sem settur var á laggirnar til að bregðast við miklum vanda í landbúnaði. Er greiðsla á hverja ásetta geit rúmlega 3000 kr. og munar um það svo sannarlega.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.30.

Fundargerð ritaði Anna María Flygenring formaður